

Lög

um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991,
sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993 og 68/2007.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Efnahags- og skattanefnd; og jafnframt bætist nýr töluliður við sömu málsgrein, í stafrófsröð, svohljóðandi: Viðskiptanefnd.
- b. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Félags- og tryggingamálanefnd; og 5. tölul. sömu málsgreinar orðast svo: Heilbrigðisnefnd.
- c. 7. tölul. 1. mgr. fellur brott og jafnframt orðast 10. tölul., er verður 9. tölul., sömu málsgreinar svo: Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

2. gr.

Í stað orðanna „efnahags- og viðskiptanefndar“ í 3. másl. 2. mgr. 25. gr. laganna kemur: efnahags- og skattanefndar; og í stað orðanna „Efnahags- og viðskiptanefnd“ í 5. másl. sömu málsgreinar kemur: Efnahags- og skattanefnd.

3. gr.

Við 66. gr. laganna, sbr. 25. gr. laga nr. 68/2007, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við atkvæðagreiðslu með rafeindabúnaði, svo og nafnakall, er þingmanni heimilt að gera stutta grein fyrir atkvæði sínu. Slík greinargerð má þó eigi taka lengri tíma en eina mínútu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 6. júní 2007.